

Sp.

167. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um hagnýtingu síldaraflans.

Flm.: Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson, Björgvin Jónsson,
Tómas Árnason, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara.

Greinargerð.

Árið 1956 var síldarafli landsmanna upp úr sjó rúml. 100 þús. tonn og árið 1957 rúml. 117 þús. tonn. Var síldin fyrra árið 22.6% og síðara árið 26.9% af öllum fisk-aflanum, eins og hann er talinn í skýrslum.

Samtals var síldaraflinn á þessum tveim árum tæpl. 218 þús. tonn eða um 1600 þús. mál og tunnur. Lauslega talið virðist um helmingur þessa tveggja ára síldarafla hafa farið í bræðslu, nál. $\frac{3}{8}$ í salt og nál. $\frac{1}{8}$ í frystingu. Mestur hluti frystu síldarinnar var beitusíld til notkunar innanlands, en síldin og síldarafurðirnar að öðru leyti útflutningsvara, að undanskildum þeim hluta síldarmjölsins, sem notaður var innanlands. Verðmæti útflutningsvaranna var samkv. skráðu gengi fram undir 300 millj. kr. samtals bæði árin, en verðmæti þau, sem notuð voru innanlands, sennilega 60—70 millj.

Eins og kunnugt er, hefur síldveiðin undanfarin 14 ár verið miklu minni en hún áður var, sérstaklega þegar miðað er við útbúnað og fjölda veiðiskipa. Vonir manna um það, sem áður var kölluð mikil síldveiði, hafa aldrei rætt á þessu tímabili. Fyrrum, þegar ganga mátti út frá uppgripa síldarafla a. m. k. öðru hverju, var að því stefnt, að hægt væri að taka á móti sem mestri síld og gera hana söluhæfa, þótt söluverðið væri ekki í réttu hlutfalli við hið mikla næringargildi síldarinnar. Með þetta fyrir augum var komið upp afkastamiklum verksmiðjum til framleiðslu á skepnufóðri og iðnaðarlýsi úr síld og lögð áhersla á að byggja rúmgóðar geymsluþrær fyrir hráefni til slíkrar framleiðslu. Vist hafa þau fyrirtæki bjargað miklum verðmætum og verið til ómetanlegs öryggis fyrir þá, er afla hráefnisins, þó að síldarafurðir verði ekki með þeirri hagnýtingu svo verðmiklar til gjaldeyrisóflunar sem frekast mætti verða fyrir þjóðarbúið.

Og nú, þegar síldaraflinn er miklu minni en hann áður var, hafa augu manna opnast fyrir því, að miklu skiptir, að hægt sé að gera hið tiltölulega litla síldarmagn, sem veiðist, að sem verðmætastri útflutningsvöru. Hin síðustu árin hefur tekizt að auka nokkuð markaði fyrir saltsíld, og miðar því í rétta átt. Þessir markaðir þurfa enn að aukast. Einnig er nú farið að selja nokkurt magn af frystri síld úr landi, og munu vonir standa til, að sú sala aukist. Mikið væri unnið, ef takast mætti að gera saltsíldina verðmætari en hún nú er sem útflutningsvara með því að fullverka hana eins og hún er seld til neyzlu erlendis. Að því þarf að stefna, og skal það ekki nánar rætt hér.

Hagnýting síldaraflans í heild er stórmál fyrir þjóðarbúskapinn, og telja flm., að fram þurfi að fara skipulögð athugun þessa máls.